



Hvað nú Sigmundur?

Forsætisráðherra Íslands er miðpunktur í stærsta gagnalekamáli sögunnar vegna tengsla við aflandsfélagið Wintris. ➔4-6

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðið í dag

FRÉTTIR Sex íslenskir stjórnálmenn tengjast aflandsfélögum. Bodað hefur verið til mótmæla við fyrsta þingfund eftir páska. **4-6**

SKOÐUN Brynhildur Pétursdóttir skrifar um skaðleg efni í neysluvörum. **10**

SPORT Ármennigarnir Irina Sazonova og Jón Sigurður Gunnarsson unnu bæði þrjú gull á Íslandsmeistaramóti í áhaldafimleikum um helgina. **12**

TÍMAMÓT Gísli Víkingsson hvalafræðingur hefur starfað við hvalarannsóknir í 30 ár. Segir allar hvalategundir skemmtilegar á sinn hátt. **14**

LÍFID Sara Guðný Jónsdóttir hannar nærföt fyrir konur á blæðingum. **20**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

FBL	59,9%
MBL	29,9%

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

59,9% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, okt.–des. 2015

Allt sem þú þarft ...

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur
250 mg

Actavis


Actavis

KAUPHLAUP
Lokadagur

Opið til 19
Skoðaðu tilboðin
á smaralind.is

SMÁRALIND

Veður



Á morgun er útlit fyrir fallett vorveður með hægri austlægri átt og góðar líkur á að sjáist til sólar þó að hærri ský verði á sveimi, en síðdegis bætir heldur í vind sunnanlands með stöku skúr. Hiti 0 til 8 stig, svalast norðaustanlands.

SJÁ SIÐU 16



Ferðamenn á leið í Jökulsárlón er hluti skýringarinnar hvað Mýrdalssand varðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stóraukin umferð um Þjóðveg 1

SAMGÖNGUR Umferðin í mars á Þjóðvegi 1 jókst um ríflega tuttugu prósent frá sama mánuði í fyrra. Aldrei hefur mælst jafn mikil aukning milli mánaða á hringveginum, mismunandi tímasetning páska skýrir þetta ekki að öllu leyti og er talið líklegt að umferð erlendra ferðamanna skýri aukninguna að miklu leyti.

Umferðin um Mýrdalssand jókst um 83 prósent og hefur verið að aukast gríðarmikið undanfarin ár, til dæmis jókst umferðin um sandinn um 77 prósent milli aprilmánaða 2013 og 2014.

Frá þessu segir á vef Vegagerðarinnar.

Umferðin eykst gríðarlega á öllum landsvæðum en mest um Austurland eða um tæp 54 prósent og næst mest um Suðurland eða um tæp 33 prósent. Minnst eykst umferðin við og um höfuðborgarsvæðið en þar mælist samt tæplega þrettán prósent aukning. - shá

83%

aukning varð á umferð um Mýrdalssand.

Tilfinningaþrungin Talent-úrslit



Jóhanna Ruth bar sig úr býtum í Ísland Got Talent í kvöld. Hún fær að launum Íslandsfrægd og tíu milljónir króna. Hin hæfileikaríka Jóhanna, sem er 14 ára gömul, grét af gleði þegar úrslitin voru ljós. Í öðru sæti voru tónlistarmennirnir Símon og Halla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL ÞÓR

Borga dýnur fyrir sjúkradeild

FÉLAGSMÁL „Það er ljóst að rekstrarfé stofnunarinnar er ekki nægjanlegt þegar óska þarf eftir styrk frá Gjafa- og minningarsjóði til kaupa sem þessara,“ segir stjórn Gjafa- og minningasjóðs Skjólgarðs í Hornafirði um umsókn frá hjúkrunar- og sjúkradeild Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands vegna kaupa á sjö rúmdýnum.

„Stjórnin lýsir yfir áhyggjum sínum að sú staða sé uppi að stofnunin sé þannig stóðd fjárhagslega að ekki sé til fjármagn til endurnýjunar á nauðsynlegum húsbúnaði. Markmið Gjafa- og minningasjóðs eru að bæta aðbúnað stofnunarinnar umfram grunnþarfir,“ áréttar stjórnin sem samþykkti þó að veita 380 þúsund króna styrk til að kaupa dýurnar. - gar

Samkaup festa kaup á Sunnubúð í Hlíðunum

Sunnubúð verður starfrækt í óbreyttri mynd eftir að Samkaup eignast hana. Fyrirverandi eigandi verslunarinnar segir erfitt að keppa við stórmarkaði.

VIÐSKIPTI Samkaup festi um mánaðamótin kaup á Sunnubúð, hverfisbúðinni í Hlíðunum. Þetta staðfestir Eysteinn Sigurðsson, eigandi verslunarinnar. „Þetta er bara orðinn svo erfiður business. Þegar Bónus opnar orðið á hverju horni þá hefur litli kaupmaðurinn ekki roð við þessum körlum,“ segir Eysteinn.

Búðin verður að sögn Eysteins starfrækt áfram í óbreyttri mynd og með sama nafni. „Hún verður hugsuð til að þjóna hverfinu og það verður óbreyttur opnunartími og óbreytt starfsfólk, nema ég hætti. Svo verður sett upp nýtt kassakerfi og þeir ætla að gera umbætur á versluninni sem eru löngu orðnar tímabærar, svo hún mæti kröfum nútímans varðandi útlit og annað. Þetta kostar allt peninga og það er ekki fyrir karl eins og mig að gera þetta.“

Sunnubúð á sér langa sögu, Eysteinn hefur rekið Sunnubúð í sjö ár en verslunin verður sextíu og fimm ára þann 1. maí næstkomandi. Eysteinn seldi Samkaupum Krambúðina fyrir nokkrum árum og segist treysta forsvarsmönnum Samkaupa vel fyrir Sunnubúðinni.

„Þeir gerðu vel með Krambúðina, þessar verslanir eru með mikið sjálfstæði innan Samkaupa og ég ákvað bara að treysta þeim fyrir þessu. Ég verð þarna viðloðandi eitthvað áfram til þess að tryggja það að allt gangi vel fyrir sig og kunninn verði ánægður áfram, svo að mínir viðskiptavinir verði ekki fyrir ein-



Eysteinn Sigurðsson hefur rekið Sunnubúð í sjö ár, en verslunin verður 65 ára í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1951

Árið sem Sunnubúð var stofnuð þann 1. maí

hverjum áföllum. Það er það sem skiptir öllu máli, bæði fyrir mig og fyrir þá, og raunar fyrir alla aðila.

Eysteinn er hins vegar ekki sestur í helgan stein. „Ég hef ekki farið í sumarfrí í sjö ár og ætla að byrja á því, svo fer maður á stúfana og finnur sér eitthvað að gera,“ segir Eysteinn. saeunn@frettabladid.is

Þjáist þú af mígreni?



TVEGGJA MÁNADA SKAMMTUR

NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á
notadir.brimborg.is

Gerðu góð kaup á notuðum bíl Mikið úrval gott verð



TILBOÐ 2.590.000 kr.

Renault Clio Sport Tourer Expression PKM46
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 29.800 km. Í ábyrgð
Verð: 2.790.000 kr.



VERÐ 1.490.000 kr.

Ford Focus Trend Collection JKN67
Skráður ágúst 2010, 1,6i bensín, beinskíptur
Ekinn 111.000 km.



TILBOÐ 3.390.000 kr.

Ford Kuga Titanium S AWD FAJ42
Skráður apríl 2013, 2,0TDCi dísil, beinskíptur
Ekinn 100.000 km.
Verð: 3.690.000 kr.



VERÐ: 990.000 kr.

Honda Jazz LS YI331
Skráður maí 2007, 1,3i bensín, sjálfskíptur
Ekinn 134.000 km.



TILBOÐ: 4.190.000 kr.

Audi A4 KXP63
Skráður júní 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur
Ekinn 39.000 km.
Verð: 4.880.000 kr.



VERÐ 690.000 kr.

Volkswagen Golf TL249
Skráður janúar 2006, 1,6i bensín, beinskíptur
Ekinn 177.000 km.



TILBOÐ 2.290.000 kr.

Ford Focus Trend Edition YXJ59
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskíptur
Ekinn 70.000 km. Í ábyrgð
Verð: 2.590.000 kr.



VERÐ 1.490.000 kr.

Hyundai i30 Comfort AFS33
Skráður mars 2011, 1,6TDCi dísil, sjálfskíptur
Ekinn 154.000 km.



TILBOÐ: 3.890.000 kr.

Ford Mondeo Titanium FNU14
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð
Verð: 4.190.000 kr.



TILBOÐ 3.890.000 kr.

Ford Mondeo Titanium YOX82
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur
Ekinn 121.000 km.
Ásett verð: 4.290.000 kr.



VERÐ: 1.090.000 kr.

Ford Fusion Trend NNP06
Skráður apríl 2008, 1,4i bensín, beinskíptur
Ekinn 83.000 km.



TILBOÐ 3.490.000 kr.

Suzuki Grand Vitara ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskíptur
Ekinn 63.000 km.
Verð: 3.950.000 kr.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

f FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarirnir fara
beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Sölueldir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.



Öruggur staður til að vera á



Þrjú ráðherrar og tveir núverandi og einn fyrrverandi borgarfulltrúi tengjast aflandsfélögum í skattaskjóli.

Ísland miðpunktur í skattaskjólaleka

Sex núverandi og fyrrverandi íslenskir stjórnáamenn tengjast aflandsfélögum í skattaskjóli samkvæmt Panamaskjölunum sem birt voru í gærkvöldi. Fjölmiðlar úti um allan heim hafa sýnt Íslandi sérstaka athygli þar sem forsætisráðherra tengist aflandsfélagi.

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra seldi helmingshlut sinn í aflandsfélaginu Wintris á gamlársdag 2009, daginn áður en ný lög um aflandsfélög tóku gildi. Þetta kom fram í Panamaskjölunum sem fjallað var um í Kastljósinu í gær. Sigmundur gat félagsins ekki í hagsmunaskrá þingmanna sem tók gildi í mars 2009.

Upplýsingarnar um Sigmundur eru hluti af einum stærsta gagnaleka sögunnar, Panamaskjölunum svokölluðu, um aflandsfélög í skattaskjólum víðsvegar um heiminn og birt voru í gærkvöldi og var sérstök umfjöllun um íslenska stjórnáamenn sem þeim tengjast í Kastljósinu

í gær. Í þættinum kom meðal annars fram að sex fyrrverandi og núverandi íslenskir stjórnáamenn séu tengdir aflandsfélögum. Auk Sigmundar eru það Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Ólöf Nordal innanríkisráðherra, Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. Samtals tengjast sex hundruð Íslendingar átta hundruð aflandsfélögum.

Fjölmiðlar um allan heim fjölluðu um Panamaskjölun svokölluðu í gær, um er að ræða 11 milljón skjöl um 214 þúsund aflandsfyrirtæki í tvö

hundruð löndum og skattaskjólum úti um allan heim. Gögnin koma frá Mossack Fonseca, lögfræðistofu í Panama sem sérhæfir sig í rekstri aflandsfélaga. Ísland var í aðalhlutverki á fjölmörgum miðlum, má nefna sjónvarpsstöðvarnar BBC, DR1, og dagblöðin The Guardian og Aftenposten. Að sögn Jóhannes Kr. Kristjánsson, eiganda Reykjavík Media, sem vann umfjöllunina í samstarfi við Kastljós, alþjóðasamtök rannsóknarblaðamanna og þýska blaðið Süddeutsche Zeitung, eru erlendir blaðamenn nú þegar komnir til landsins. „Ég hef fundið fyrir miklum áhuga þeirra á Íslandi frá því að ég byrjaði að vinna í verkefnum og ég veit að það eru einhverjir erlendir miðlar á landinu í dag og verða næstu daga. Þeir eru meðal annars frá samstarfsmiðlunum,“ segir Jóhannes.

Landsbankinn í Lúxemborg nýtti sér þjónustu Mossack Fonseca, mest íslenskra banka, en bankinn setti upp 414 aflandsfélög.

Fram kom í umfjölluninni að aflandsfélög íslenskra stjórnáamanna væru einsdæmi í vestrænum ríkjum. „Við erum að ræða hluti hér sem hafa verið löngu afgreiddir í pólitískri menningu nágrannalanda okkar. Leiðtogar þjóðarinnar eiga ekki að koma sér í þá stöðu að vera með fé í skattaskjólum nema þá að almenningur viti af því,“ sagði Vilhjálmur Árnason siðfræðingur.

Sigmundur Davíð var miðpunktur umfjöllunar Kastljóss en hann er eini vestræni leiðtoginn sem tengist félög-

414


aflandsfélög voru stofnuð af Landsbankanum í Lúxemborg

unum á listanum. Sigmundur Davíð átti þar til lok árs 2009 helmingshlut í félaginu Wintris Inc. sem er aflandsfélag skráð á Tortóla. Hann fékk úthlutad prókúru fyrir Wintris þegar það var stofnað. Prókúran gerði honum kleift að skuldbinda félagið og meðhöndla eignir þess sem sínar eigin.

Sigmundur Davíð seldi Önnu Stellu, eiginkonu sinni, helmingshlut sinn á gamlársdag 2009, daginn áður en ný lög um aflandsfélög tóku gildi á Íslandi. Kaupverðið var einn dollari.

Í umfjölluninni kom fram að Sigmundur hefði sagt eignarhald sitt vera byggt á misskilningi og því hafi salan verið leiðrétting. Ekkert bendir til þess að prókúra Sigmundar hafi verið afturkölluð og ekkert bendir til mistaka í gögnum Mossack Fonseca. Í viðtali við sænskan blaðamann þann 11. mars síðastliðinn neitaði Sigmundur Davíð því að hafa tengst eða tengjast aflandsfélögum í skattaskjólum. Hann gekk síðan út úr viðtalinu.

Á morgun er boðaður þingfundur klukkan þrjú þar sem forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafa boðað komu sína í öndirbúna fyrirspurnir. saeunn@frettabladid.is



Mörg félög tengd forsætisráðherrum og forsetum

Ýmsir núverandi og fyrrverandi þjóðhöfðingjar eiga eða eru nãtengdir fólki sem á aflandsfélög. Þetta kemur fram í Panamaskjölunum svokölluðu. Flestir þeirra eru frá Mið-Austurlöndum, þó ekki allir.

Þau félög sem erlendir fjölmiðlar, á borð við Guardian, BBC og Washington Post, fjalla einna mest um eru aflandsfélög Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra, og Sergei Rolgudin. Rolgudin er æskuvinnur Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta og guðfaðir dóttur hans.

Í umfjöllun BBC um mál Pútíns kemur fram að Rússlandsbanki hafi stýrt að minnsta kosti tveggja milljarða Bandaríkjadala peningabætti fyrir nána vini forsetans. Á meðal þeirra er Sergei Rolgudin. - þea

Upplýsingar um 600 Íslendinga birtar á næstunni

Um átta hundruð félög tengd sex hundruð Íslendingum eru í Panamaskjölunum.

Jóhannes Kr. Kristjánsson segir að frekari umfjöllun um félög tengd Íslendingum verði á næstu vikum og mánuðum.

„Ég er sáttur við þessa vinnu, þetta er búið að vera samstarfsverkefni margra miðla úti í heimi og ég er mjög sáttur með það. Það skiptir mig mestu máli að fréttin er farin út og þetta samstarf hafi gengið svona vel. Það er fullt af fréttum í undirbún-

ingi sem tengjast þessum leka og tengjast Íslandi. Við munum kafa dýpra ofan í þessi félög,“ segir

Jóhannes. Hann segir að búið sé að fjalla um alla íslenska stjórnáamennu sem tengjast aflandsfélögum.

„Það er óljóst hvar umfjöllunin verður. Við birtum allar fréttir okkar á rme.is en svo er óljóst hvernig birtingin verður á þessum fréttum í framhaldinu,“ segir Jóhannes. Hann segir að hann hafi vitað frá byrjun að Íslendingar yrðu áberandi í umfjölluninni.



Beltone Legend™ Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is



Way of Life!

SUZUKI SWIFT

GERIR LÍFIÐ OG SUMARIÐ SKEMMTILEGRA

KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN!



Suzuki Swift er meðal vinsælastu bíla á Íslandi undanfarin ár enda mjög sparneytinn og með einstaklega skemmtilega aksturseiginleka. Hann er fánlegur beinskiptur, sjálfskiptur og einnig fjórhjóladrifinn beinskiptur.

Meðal staðalbúnaðar eru vönduð hjómtæki með sex hátölurum, USB tengi, ESP stöðugleikakerfi, sjö öryggisloftpúðar, hiti í sætum og loftkæling.

Suzuki Swift
VERÐ FRÁ
2.280.000.



SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Þrjú ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru með tengsl við aflandsfélög. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þingmenn boða vantraust á ríkisstjórn á næstu dögum

Stjórnarandstaðan mun leggja fram vantrauststilögu þar sem ljóst sé að forsætisráðherra hefði átt að upplýsa um hagsmunatengsl sín. Forsætis- og fjármálaráðherra munu sitja fyrir svörum á Alþingi í dag. Fjölmarginir hafa boðað komu sína á mótmæli.

STJÓRN MÁL Stjórnarandstaðan hyggst leggja fram tillögu um vantraust á ríkisstjórnina og þingrof á næstu dögum.

„Í alþjóðlegu samhengi kemur þetta skelfilega út fyrir íslenskt samfélag og forsætisráðherra segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri-grænna.

Fjallað var um aflandsfélög tengd Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og öðrum íslenskra stjórnmalámonnum í fjölmiðlum um allan heim í gær. Katrín segir að Sigmundur hefði átt að gera grein fyrir félaginu Wintris, þegar hann var kosinn á þing árið 2009 og með því hafi Sigmundur ákveðið að spila ekki eftir reglum samfélagsins með því að halda félaginu leyndu.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata segist ekki sjá aðra leið en að lýsa yfir vantrausti á stjórnina og rjúfa þing. „Ef ekki undir þessum kringumstæðum, hvenær í ósköpunum ætti þingið að lýsa yfir vantrausti,“ segir Helgi. Þá segir Helgi Hrafn skýringar Sigmundar á aðkomu sinni að félaginu Wintris ekki standast. Til að mynda segist Helgi Hrafn ekki skilja þá útskýringu Sigmundar að mistök bankans hafi orðið til þess að forsætisráðherra hafi átt helmingshlut í Wintris, miðað við upplýsingar sem birtust í gær.

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir málið mun alvarlegra en hann hafi búist við. Þá dugi ekki þær skýringar sem forsætisráðherra og fjármálaráðherra hafi gefið á sínum málum. Ríkisstjórnin sé rúin trausti og að hans mati er engin leið að komast hjá vantrauststillögu við þessar aðstæður. „Við þessar aðstæður, þegar þessi ásýnd af Íslandi blasir við, einu vestrænna lýðræðisríkja, að þar sé stjórnmalástéttin á bólakafi í skattsvikum það kallar auðvitað á það að við sameinumst hér á vettvangi Alþingis um það að bjarga ásýnd lýðræðis og góðra stjórnarháttá í landinu,“ segir Árni Páll.

Stjórnarandstaðan hafði óskað eftir því að Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis yrði kallaður fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Árni Páll segir Birgi Ármannsson, starfandi formann stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar hafa sagt að ekki væri ástæða til að kalla Tryggva fyrir nefndina en ekki náðist í Birgi í gær.

Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir stöðu ríkisstjórnarinnar verða rædda á þingflokksfundu í dag og hvort styðja eigi áfram Sigmundi Davíð Gunnlaugsson sem forsætisráðherra. Nú bíði hann hins vegar eftir því að forsætisráðherra svari því sem kom fram í þætti Kastljóssins í gær. Hann segir það hins vegar þannig að hann treysti Sigmundi sem forsætisráðherra og það hafi ekki breyst. „Ég tala auðvitað ekki fyrir hönd flokksins en þetta verður rétt á fundu í dag. Við ræðum stöðu ríkisstjórnarinnar í hverri viku og á því verður engin breyting á þingflokksfundinum,“ segir Brynjar.

Við þessar aðstæður, þegar þessi ásýnd af Íslandi blasir við, einu vestrænna lýðræðisríkja að þar sé stjórnmalástéttin á bólakafi í skattsvikum það kallar auðvitað á það að við sameinumst hér á vettvangi Alþingis.

Árni Páll Arnason
formaður Sam-
fylkingarinnar



„Þetta litur hins vegar verr út fyrir Sigmund eftir Kastljósþáttinn og þetta er pólitískt erfitt fyrir forsætisráðherrann.“

Sigmundur Davíð og Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra hafa boðað komu í óundirbúinn fyrirspurnartíma Alþingi klukkan þrjú í dag.

Hvorki náðist í Sigmundi Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra né aðra ráðherra í ríkisstjórninni þrátt fyrir ítarlegar tilraunir. Þá náðist ekki heldur í Vigdís Hauksdóttir, formann fjárlaganefndar, Ásmund Einar Daðason, þingflokksformann Framsóknarflokksins, eða Guðlaug Þór Þórðarson, þingmann Sjálfstæðisflokksins. Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, og Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vildu ekki tjá sig um málið. ingvar@frettabladid.is

Rúm fimm þúsund ætla að mótmæla

Um 5.300 manns höfðu boðað komu sína á mótmæli klukkan tíu í gærkvöldi. Jæja og Skiltakarlarnir boða til mótmælanna á Facebook. Þar að auki hafa um 4.500 lýst yfir áhuga sínum á mótmælunum sem eiga að fara fram á Austurvelli klukkan fimm í dag. Mikið fjölgaði í hópnum í kjölfar Kastljósspáttar gærkvöldsins.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu verður fundað um viðbúnað í dag.

Í boðinu er kosninga krafist og sagt er að ríkisstjórnin sé umboðslaus. „Í rúmt ár hafa skoðanakannanir sýnt að ríkisstjórnin nýtur ekki meirihlutafylgis meðal þjóðarinnar. Ekki er um að ræða sveiflu í skoðankönnunum eins og er vel þekkt þegar líður á kjörtímabilið heldur er stöðugt verið að lýsa vantrausti á þessa ríkisstjórn,“ segir í boðinu. - þea

» Kosninga er krafist og sagt er að ríkisstjórnin sé umboðslaus

Forsætisráðherra verður strax að segja af sér og ríkisstjórnin öll að fara frá. Það er ekki bara trúverðuleiki þjóðarinnar gagnvart alþjóðasamfélaginu sem er í húfi – heldur mun þjóðin aldrei líða það sem ráðamenn hafa orðið uppvisir að.

Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra



Skýringin er sú að við erum komin svo hrikalega stutt miðað við þær þjóðir sem við miðum okkur við. Okkur finnst hagsmunaskráning vera eitthvað sem við notum á tyllidögum og það fer enginn eftir henni. Fólk spyr hvað lagaramminn segir og reynir að fara eins langt og hann leyfir. Íslensk stjórnmalámenning er svo grátlega barnaleg í þessu sambandi.

Henry Alexander Henrysson, sérfræðingur á Siðferðisstofnun



Það kom ekkert fram í þessum þætti sem ekki er búið að svara milljón sinnum áður. Að öðru leyti var þetta illa unnið layout-stríð. Það kom mér á óvart hvernig RÚV vinnur. Ég skil ekki af hverju þú ert að spyrja um viðbrögð við þættinum. Hví spyrðu ekki hvernig RÚV vinnur. Mér finnst þau alveg skelfileg. Þau eru svo hlutdræg.

Gunnlaugur Sigmundsson faðir Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins



Almeria | Mallorca | Tenerife | Alþing | Benidorm | Kanarí

Fjölskyldudagar
Sumarferða

FÁÐU 10.000 KR. AFSLÁTT Á MANN
MEÐ KÓÐANUM SUMAR2016

Fjögurra manna fjölskylda sparar 40.000 þúsund krónur með því að bóka á Fjölskyldudögum. Kíktu á sumarferdir.is og bókaðu í sólna.

SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

Ferðakynning
Lúxus skemmtisiglingar

Miðjarðarhaf og Asía

Fararstjórnir Þóra Björk Valsteinsdóttir og Kristinn R. Ólafsson kynna siglingarnar í Skógarhlíð 12, þriðjudagskvöldið 5. apríl kl. 20:00. Gengið inn neðan við húsið, gegnt Hlíðarenda.

Flogið með Icelandair

VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita

17

2017

VIÐ BJÓÐUM

Morgunverð

ÓDÝRARI

BIFREIÐASKOÐUN

kl. 8-11

Morgunverð

KR.

7.710



GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA
Í EINKAEIGN



"MORGUNVERÐ" GILDA TIL 25. APRÍL
ALLA VIRKA DAGA KL. 08:00 TIL 11:00.

ATH. MORGUNVERÐ ERU EINUNGIS Í BOÐI Á
EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐUM FRUMHERJA

REYKJAVÍK

Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.

REYKJANESBÆR

Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbær

GRINDAVÍK

Seljabót 3, 240 Grindavík

KÓPAVOGUR

Dalvegi 22, 200 Kópavogur

AKUREYRI

Frostagötu 3a. 603 Akureyri

HAFNARFJÖRÐUR

Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður

KOMDU Í „MORGUNVERÐ“

HJÁ FRUMHERJA Á MILLI KLUKKAN 8-11
VIRKA MORGNA. AÐALSKOÐUN FYRIR
KR. 7.710. RÚNSTYKKI, GÆÐA KAFFI OG
FRÍTT WI-FI Á MEÐAN ÞÚ BIÐUR.

(GILDIR Á MEÐAN BIRGDIR ENDAST)



Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land



Frá kr.
85.900
m/morgunmat

BÓKAÐU SÓL Í VOR

ALBIR

Hotel Kaktus
Albir **★★★★**

Frá kr. 85.900
m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá
kr. 85.900 m.v. 2 í
herbergi.

9. apríl í 7 nætur.



SÉRTILBOÐ

BENIDORM

Hotel **★★★★**
Mediterraneo

Frá kr. 89.900
m/allt innifalið

Netverð á mann frá
kr. 89.900 m.v. 2 í
herbergi.

9. apríl í 7 nætur.



SÉRTILBOÐ

TENERIFE

Park Club
Europe **★★★**

Frá kr. 119.900
m/allt innifalið

Netverð á mann frá
kr. 119.900 m.v. 2 í
herbergi.

11. apríl í 7 nætur.



2FYRIR1


COSTA DEL SOL

Aparthotel **★★★**
Aguamarina

Frá kr. 124.900
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá
kr. 124.900 m.v. 2 í
stúdíó.

13. apríl í 11 nætur.



MADEIRA

Hotel **★★★**
Girassol

Frá kr. 109.900
m/morgunverð innif.

Netverð á mann frá
kr. 109.900 m.v. 2 í
herbergi.

24. apríl í 10 nætur.



SÉRTILBOÐ

 Heimsferðir



Flóttafólk hefur reynt ýmislegt til þess að komast til Evrópu en mörgum verður nú smalað til baka. NORDICPHOTOS/AFP

Samningurinn gæti sprungið í loft upp

Samkvæmt samningi við Tyrki frá 20. mars mega ríki ESB senda flóttamenn aftur til Tyrklands frá og með deginum í dag. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir samninginn geta sprungið af mörgum ástæðum.

TYRKLAND Ríkjum Evrópusambandsins er heimilt að senda hvern þann flóttamann sem kom til Evrópu (ESB) í gegn um Tyrkland frá tuttugasta mars síðastliðnum aftur til Tyrklands frá og með deginum í dag samkvæmt samningi sem ESB gerði við Tyrki umræddan dag. Einnig er þeim heimilt að senda flóttamenn sem sóttu ekki um hæli fyrir dagsetninguna.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir samninginn viðkvæman. „Við sjáum það ekki fyrr en líður á mánuðinn hvernig þetta mun ganga. Fyrsti dagurinn er á morgun þegar þessir endurflutningar frá Grikklandi hefjast,“ segir hann og bendir á að til að auðvelda sér að senda flóttamenn til baka hafi Grikkir lokað marga inni. „Það hefur verið gagnrýnt að flóttamannabúðum hefur verið breytt í flóttamannafangelsi.“

Þá segir Eiríkur Tyrki hafa orðið uppvísa að því að senda sýrlenska

Ég held þetta sé það viðkvæmt að þessi samningur getur ekki aðeins bara raknað upp heldur leitt til upplausnar ef þetta fer illa. Það þarf algjörlega allt að ganga upp. Það þarf velvild sem er ekki til staðar.

Eiríkur Bergmann
stjórnmálafræði-
prófessor



flóttamenn sem þangað eru komnir aftur til heimalandsins. „Hugsanlega hefur þetta í för með sér að Tyrkir auki þá hegðun sína að senda fólk til hins stríðshrjáða Sýrlands, sem er gegn alþjóðalögum. Það er brot á samningnum. Klárlega,“ segir hann. Eiríkur segir það stóran vanda að

Tyrkir virðist ekki vera búnir að gera það sem þarf til að taka á móti fólkinu. „Þeir eru ekki búnir að koma upp þeirri aðstöðu sem þeir áttu að vera búnir að koma upp.“

„Ég held þetta sé það viðkvæmt að þessi samningur getur ekki aðeins bara raknað upp heldur leitt til upplausnar ef þetta fer illa. Það þarf algjörlega allt að ganga upp. Það þarf velvild sem er ekki til staðar. Svo þurfa ríki Evrópusambandsins að taka á móti flóttamönnum frá Tyrklandi á móti,“ segir Eiríkur.

Eitt ákvæða samningsins var að greiða fyrir aðildarviðræðum Tyrkja við Evrópusambandið. Eiríkur segir það þó ekki stóra málið fyrir Tyrkna eins og er. „Stóra málið er ferðafrelsið á Schengensvæðinu. Það er búið að lofa þeim því ef þetta gengur upp.“ Eiríkur segir ríki ESB hins vegar ekki tilbúin til að veita þá heimild, það sé til að mynda einn staðurinn þar sem samningurinn gæti sprungið. thorgnyr@frettabladid.is

Vegna þurrka í Eþíópíu eru 10 milljónir manns á barmi hungursneyðar:

Bregðumst við NÚNA!

Valgreiðsla í heimabanka

Söfnunarsími 907 2003 (2500 krónur)

Söfnunarreikningur 0334-26-886

kt. 450670-0499



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance

J A M E S M O R R I S O N



ELDBORG
SUNNUDAGINN 17. JÚLÍ

MÍÐASALA HEFST MIÐVIKUDAGINN 6. APRÍL
HARPA.IS, TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

www.jamesmorrisonmusic.com

Sannleikurinn



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Í nnan afmarkaðs blómareits á allt að því afviknum stað á Klambartúni í Reykjavík stendur brjóststytta af Þorsteini Erlingssyni og á stöplinum orð skáldsins. „Jeg trúir því sannleiki að sigurinn þinn / að síðustu vegina jafni,“ upphafslínur erindis úr ljóðinu Brautin. Í brjósti Þorsteins bjó sannleikur, réttlætiskennnd og ábyrg siðferðishugsjón og þarna geymum við hana; á litlum fáförnum reit á Klambartúni.

En það getum við ekki gert lengur. Orð Þorsteins þurfa að standa við inngang Alþingis og borgarstjórnar og hvar þar sem fólk hefur valist til þjónustustarfa þjóð sinni til heilla. Atburðir liðinna vikna og í raun undan-genginna ára og jafnvel áratuga í íslenskum stjórnmálum sýna okkur það svo ekki verður um villst. Við sem samfélag þurfum að komast á rétta braut. Braut sannleika og réttlætis. Stjórnmálin á Íslandi þurfa að einkennast af gagnsæi og almannahagsmunum fremur en leyndarhyggju og sérhagsmunum.

Umfjöllun Reykjavík Media í Kastljósi RUV í gærkvöldi sýndi okkur þetta svo ekki verður um villst. Sýndi okkur að það er ekki og hefur ekki verið allt uppi á borðinu í hagsmunamálum forsætisráðherra né annarra ráðamann. Kjósi fjársterkur einstaklingur að nýta sér þjónustu skjattaskjóra og andfélagslegra fyrirtækja á borð við Mossack Fonseca, lögfræðisþjónustu sem er tengd við vopnasölu og aðra ógæfustarfssemi, þá þarf hver og einn að eiga það við sig og sína samvisku svo lengi sem starfsemi er lögleg og talin fram til skatts í heimalandinu lögum samkvæmt. Það er þó óneitanlega dapurlegt að heyra að Íslendingar hafi sótt í slíkan ósóma umfram aðrar þjóðir Vesturlanda á meðan svigrúm gafst.

En kjósi þjóðkjörinn fulltrúi og það ráðherra, þingmaður eða borgarfulltrúi að leyna slíkum hagsmunum þá horfir málið öðruvísi við, vegna þess að þar með geta hagsmunir þjóðarinnar sem unnið er fyrir og einkahagsmunir viðkomandi stangast á svo um munar. Önnur verk viðkomandi, eins og til að mynda stórf Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, breyta þar engu um. Þjóðin var leynd upplýsingunum sem streyma nú fram úr myrkum skúmaskotum og það reynist vera margt sem myrkríð veit en fjármálaráðherra vissi ekki. Og þegar ljósi er varpað á þessar upplýsingar hverfur traust almennings á viðkomandi ráðamönnum eins og dög fyrir sólu.

Að horfa á blóðrjóðan forsætisráðherra ganga út úr miðju viðtali við sænskan blaðamann og Jóhannes Kr. Kristjánsson, fulltrúa Reykjavík Media, var með því verra sem sést hefur í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Davíð gekk út og henti trausti íslensku þjóðarinnar í ruslið í leiðinni. Forsætisráðherra þjóðarinnar á aldrei að geta valið að sniðganga hvorki spurningar né fjölmiðla sem gegna lykilhlutverki í því að upplýsa þjóðina um stöðu, þróun og hagsmuni í íslensku stjórnmálalífi. Þessar upplýsingar eru sannleikurinn sjálfur og grunnforsenda upplýst og ábyrgs lýðræðis. Forsenda gagnsæis og almannahagsmuna í stjórnmálum sem og stjórnsýslu allri og eina rétta leiðin til þess að koma þessari þjóð á rétta braut til nýrra tíma og betra samfélags.

Og þegar ljósi er varpað á þessar upplýsingar hverfur traust almennings á viðkomandi ráðamönnum eins og dög fyrir sólu.

Halldór



Frá degi til dags

Gróa á Leiti

Kastljóspáttur gærkvöldsins og mánaða rannsóknarvinna blaðamanna viðsvegar að sýna að það átti ekki að segja íslensku þjóðinni allt er snýr að forsætisráðherra þjóðarinnar. Eiginkona ráðherra sagði í frægri færslu sinni að nú ætti þjóðin að gefa Gróa á Leiti frí. Ekki var vitað á þeim tíma hver þessi Gróa væri en nú veit alþjóð að skrifhennar birtust fjórum dögum eftir eitt ótrúlegasta viðtal Íslandssögunnar. Komið hefur í ljós að Gróa þessi er víst ekki einhver óútskýrd sögusmetta heldur skilgetið afkvæmi blaðamannsins Jóhannesar Kr. Kristjánssonar og sænska blaðamannsins Sven Bergman.

„Ég, nei“

„En hvað með þig, hefur þú eða hefur þú sjálfur haft einhver tengsl við aflandsfélag?“ spurði Bergman. Forsætisráðherra svaraði: „Ég, nei, íslensk fyrirtæki, og ég hef starfað hjá íslenskum fyrirtækjum, höfðu tengsl við aflandsfélög og meira að segja, hvað heitir það nú, verkalyðsfélögin, svo það hefði verið í gegnum slíkt fyrirkomulag.“ Í stjórnsáttmálanum segir að ríkisstjórnin muni leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hefur íslensk stjórnmál. Augljóst er að honum hefur mistekist, meðvitað eða ómeðvitað, sveinn@frettabladid.is

Skaðleg efni í neysluvörum



Brynhildur Pétursdóttir
þingkona Bjartrar
framtidar

Ef allt væri eðlilegt ættu neytendur ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að neysluvörur gætu innihaldið varasöm efni. En því miður hafa hagsmunir framleiðenda oft en ekki ráðið ferð og leitt til þess að alls kyns skaðleg efni sem enginn bað sérstaklega um eru notuð í algengar neysluvörur. Upp úr seinni heimsstyrjöldinni fór efnaíðnaðurinn á fullt og í nokkra áratugi kom agrarú efna á markað án þess að þau væru áhættumetin með tilliti til áhrifa á heilsu og umhverfi. Fjöldmörg þessara efna eru enn í notkun. Sum efna eru þrívirk, þau safnast upp í vefjum manna og dýra, önnur geta valdið skertri æxlunargetu (hormónaraskandi þar sem þau líkja eftir estrógeni í líkamanum), sum efni geta verið ofnæmisvaldandi eða jafnvel krabbameinsvaldandi.

Um margvísleg efni og efnasambönd er að ræða sem finna má í hinum ýmsu vörum svo sem snyrtivörum, hreinsivörum, leikföngum, fatnaði, raftækjum o.fl. Á undanföllum árum hefur vitneskjan um skaðleg áhrif ýmissa efna á heilsu og umhverfi orðið ráðamönnum tilefni til aðgerða og hefur Evrópusambandið m.a. sett lög sem miða að því að stemma stigu við þessari þróun.

Í Danmörku og Svíþjóð hafa stjórnmöld tekið þessi mál föstum tökum og mótað stefnu sem miðar að því að minnka skaðleg efni í okkar daglega lífi. Lagt hefur verið kapp á að upplýsa fólk um skaðsemi ýmissa efna og hvernig hægt sé að forðast þau. Í fyrra samþykkti síðan norska þingið þingsályktun um að stjórnmöld skyldu gera aðgerðaáætlun um „giftfri hverdag“ eða líf án eitrefna.

Ekki hefur verið mótuð nein slík stefna hér á landi og þessi mál litið verið rædd á þingi. Nú hafa þingmenn úr öllum flokkum lagt fram þingsályktunartillögu sem gengur út á að umhverfisráðherra móti stefnu um að draga úr notkun á skaðlegum efnum í neysluvörum og ekki síður að upplýsa neytendur um tilvist þessara efna og hvaða áhrif þau geta haft. Það er okkar mat að stjórnmöldum beri beinlínis skylda til að gripa til aðgerða og þótt fyrir hefði verið.



Það er okkar mat að stjórnmöldum beri beinlínis skylda til að gripa til aðgerða og þótt fyrir hefði verið.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágvæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | Sí: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Bakklóra og lakkrísör

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Við vitum ekki margt – en þeim mun fleira er okkur sagt. Þegar þetta er skrifað um hádegisbil á sunnudegi hefur enn ekki verið sýndur margboðaður Kastljósþáttur um hið ljúfa aflandseyjalíf íslenskra ráðamanna, kaupahéðna, hálaunamanna og þeirra sem slegið hafa eign sinni á auðlindir Íslendinga og flutt arðinn af þeim í skattaskjól og forboðnar myntir. Við vitum að Íslendingar eiga rúmlega þúsund milljarða erlendis. Við vitum að almenningur býr við gjaldeyrishöft og gjaldmiðil sem hentar einkum vel til kjaraskerðinga og launalækkunar. Við vitum að íslenskt heilbrigðiskerfi er eins og í stríðshrjóðu landi. Við vitum að það vantar alltaf peninga, nánast hvert sem lítið er í opinberri þjónustu. Og við vitum að þarna er beint samhengi á milli og að um þetta er tekist á í íslenskum stjórnámum, arðinn af auðlindunum: það er „stóra málið“.

Annars vitum við ósköp fátt. Þegar þetta er skrifað um hádegisbil á sunnudegi er ótal margt sem við vitum ekki og það sem við þó vitum – það er alltaf verið að reyna að snúa því og bjaga það og skekkja, þannig að við vitum það ekki lengur.

Við erum lítið frædd – en þeim mun meira er okkur sagt.

110 ára reglan fundin?

Framsóknarþingmenn standa sem einn maður að baki foringjanum og sverja honum trúnaðareiða með frukti og bugti. Svo einhuga eru Framsóknarmenn að þeir hafa beinlínis þjappað sér saman um að birta hver af öðrum sömu greinina, hver undir sínu nafni, þar sem öll vandræði ráðherrans eru rakin til

Ríkisútvarpsins, nema hvað, og fást yfir því talað sé til dæmis við siðfræðinga um siðferðileg álitamál en ekki látnar duga flokkssamþykktir Framsóknar um að þar gildi sjálfðæmi og annáluð dómgreind ráðherrans. Í hinna margbirtu grein er það harðlega átalíð að fréttastofa Ríkisútvarpsins skuli ekki leita ráða hjá Framsóknarmönnum um æskilega en þó einkum óæskilega viðmælendur og ekki sé nóg talað við Framsóknarmenn. Og samt er teó fréttastofa einmitt alltaf að reyna að ná tali af hinum eina sanna Framsóknarmanni, sjálfum formanni flokksins, sem hefur sett sér það síðalögmál að tala ekki við RÚV.

Ásmundur Einar Daðason, einn úr vaskri sveit aðstoðarmanna Sigmundar Davíðs, mætti að visu í þáttinn í vikulokin á RÚV – enda eru Framsóknarmenn þar tíðir gestir hvað sem öllu líður. Ásmundur virtist eins og við hin vita mjög fátt, eiginlega bara eitt – og sagði það sjö sinnum, til að ekkert færi á milli mála. Hann þrástagaðist á því að „stóra málið“ væri að forsætisráðherra og eiginkona hans hefðu greitt skatta af eignum sínum á erlendum aflandseyjum. En það er alveg óvart eitt af því sem við vitum einmitt ekki. Við vitum bara að forsætisráðherrann segir að skattar hafi verið greiddir af öllum innistæðum þeirra á aflandseyjum – það jafngildir ekki endilega veruleikanum, þó að ráðherrann segi eitthvað, eins og dæmin sanna. Og þegar einhver sér ástæðu til að segja mér eitthvað sjö sinnum verð ég að játa að á mig fara að renna tvær grímur.

Hitt vitum við að annar úr vaskri sveit aðstoðarmanna ráðherrans, Jóhannes Þór Skúlason, oft nefndur útskýrari, neitar að svara því hvort eiginkona ráðherrans hafi skilað svonefndu CFC



(Controlled Foreign Corporation) framtali vegna Wintris-félagsins á Tortóla, en Íslendingum sem eiga eignir á lágskattasvæðum ber samkvæmt lögum frá 2009 að skila slíku framtali.

Kannski að hin dularfulla 110 ára leyndarregla hennar Vigdísar Hauksdóttur, sem enginn hefur fundið, gildi einmitt þarna.

Hið leynda evru-líf

Við vitum ekki margt – en þeim mun fleira er okkur sagt. Til dæmis er okkur nú tjáð af öðrum ráðherrum úr wintrisstjórninni sem uppvísir eru að eignarhaldi á aflandseyjafélögum, að þeir séu alls ekki að koma þaðan heldur miklu heldur af fjöllum. Ha ég? Neineinei, bara til málamynda ... notaði það aldrei ... mér óviðkomandi ... bankafulltrúinn minn sagði ... alveg búinn að steingleyma ... vissi ekki neitt ...

Við höfum bara þeirra orð, sem aldrei sáu ástæðu til að upplýsa kjósendur sína

um sitt leynda evru-líf.

Og svo, þegar allt annað bregst, er alltaf reynt að segja okkur frá kylfunni og gulróttinni sem Sigmundur Davíð hafi beitt „erlendu kröfuhafana“ svo ótæpilega og af svo miklu harðfylgi. Gerði hann það? Ýmsir hafa bent á að sambærileg eða jafnvel betri niðurstaða úr uppgjöri þrotabúa bankanna hafi legið fyrir árið 2013, samkvæmt áætlunum seðlabankastjóra. Það hefur líka verið bent á að hefði stöðugleikaskattur verið lagður á þrotabúin, eins og til að mynda Indefence-hópurinn vildi, hefðu að minnsta kosti 300-500 milljarðar til viðbótar komið í hlut Íslendinga – það er að segja okkar hinna – ekki aflendinga á borð við forsætisráðherrahjónin. Þau högnudust sem sé á þeirri leið sem farin var.

Kylfa og gulrót? Kannski nær væri að segja að forsætisráðherrann hafi farið í þessar viðræður vopnaður bakklóru og lakkrísör.



Við höfum bara þeirra orð, sem aldrei sáu ástæðu til að upplýsa kjósendur sína um sitt leynda evru-líf.

STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS
KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE

„SANNKALLAÐIR
SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH

„UNDRAYERÐ ORKA
OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD

REYKJAVÍK LONDON NEW YORK DUBAI LAS VEGAS

STOMP

HARPA 11. & 12. JÚNÍ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Flordana
LIFU VEL!

MIDASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIDASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP

senalive



Jón Sigurður Gunnarsson og Irina Sazonova eru Íslandsmeistarar í fjölþraut 2016 og þau unnu einnig tvo Íslandsmeistaratitla á einstökum áhöldum. Fréttablaðið/Ernir

Þurfum bara að spýta í lófana

Ármenningarnir Irina Sazonova og Jón Sigurður Gunnarsson unnu bæði þrjú gull á Íslandsmeistaramótinu í áhaldafimleikum í Laugabóli um helgina en þau urðu bæði Íslandsmeistarar í fjölþraut í fyrsta sinn.

FIMLEIKAR Ármenningar gátu gengið skælbrosandi út úr Laugabóli í gær enda gátu þeir verið ánægðir með flotta framkvæmd og ekki sist frábæran árangur síns fólks. Þetta hefur verið frábær vetur fyrir fimleikafólk Ármanns og það kristalladist í níu gullverðlaunum félagsins á Íslandsmótinu um helgina.

Ármenningarnir Irina Sazonova og Jón Sigurður Gunnarsson unnu þrjú Íslandsmeistaratitla hvort en Ármenningarnir Sigurður Andrés Sigurðarson (tvö gull) og Dominiqua Belányi unnu líka titla.

Jón Sigurður Gunnarsson vann fjölþrautina í fyrsta sinn eins og Irina og hann var sáttur. „Ég er búinn að vera að keppa í þessum flokki í fimm ár og nú er fjölþrautargullið loksins komið í hús. Þetta er góð tilfinning,“ sagði Jón Sigurður.

„Ég er búinn að vinna öll mótin á þessu ári og Irina líka. Það er fullt hús stiga hjá okkur Ármenningum og næst er bara Norðurlandamótið á heimavelli. Á Norðurlandsmótinu fyrir tveimur árum var ég í öðru sæti í hringjum og það væri sætt að ná í gullið núna,“ sagði Jón Sigurður.

Dominiqua Belányi átti flott Íslandsmót en varð enn á ný að sætta sig við silfrið í fjölþrautinni. Sexfaldi Íslandsmeistarinn Thelma Rut Hermannsdóttir setti fimleikabollinn upp í skáp eftir titil sinn í fyrria en þá hafði hún betur í keppni við Dominiqua.

Það var þó ekki komið að Dominiqua því að þessu sinni var Irina Sazonova mætt á sviðið á sínu fyrsta stórmóti hér heima sem íslenskur ríkisborgari. Dominiqua Belányi er þó ekkert að svekkja sig yfir þessari

nýtilkomnu samkeppni frá Irinu.

„Laugardagurinn var frábær og ég gerði eiginlega mitt besta mót. Ég er sátt, silfur í fjölþraut eins og nokkrum sinnum áður en ég er mjög ánægð með að vinna minn fimmta Íslandsmeistaratitil á tvíslánni,“ sagði Dominiqua og grætur ekki innkomu Irinu.

„Hún er einum til tveimur stigum betri en ég. Ég er samt að nálgast hana mikið. Hún er aðeins betri en við en við þurfum bara að spýta í lófana til að ná henni. Þetta er góð samkeppni fyrir okkur hinar stelpurnar,“ sagði Dominiqua.

Irina Sazonova var líka brosandí ein og Dominiqua. „Það gekk vel,“ sagði Irina sem er farin að reyna að tala meiri íslensku en áður. Irina Sazonova er á leiðinni til Ríó þar sem hún keppir í undankeppni fyrir

ÓL en sú keppni fer fram 16. apríl. Hún ætlar sér til Ríó. „Við sjáum til. Ég þarf að æfa mikið og undirbúa mig vel. Ég þarf að ná 53 stigum,“ segir Irina og bætti svo strax við: „Og ekki detta,“ sagði hún brosandí. „Ég held að ég geti komist á Ólympíuleikana,“ sagði Irina.

„Irina er á góðu róli og ég hef trú á henni,“ segir Jón Sigurður. Irina Sazonova náði 53 stigum þegar hún hjálpaði Ármanni að verða bikarmeistari annað árið í röð en hún var aðeins undir því á Íslandsmótinu um helgina. Það kom ekki í veg fyrir að hún varð Íslandsmeistari Ármanns í kvennaflokki frá því að Sif Pálsdóttir vann 2003.

Hún hefur fulla trú á að ná því að verða fyrsta íslenskan konan til sem keppir í fimleikum á Ólympíuleikum. ooj@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Aston Villa	0–4	Chelsea
Arsenal	4–0	Watford
Bournemouth	0–4	Man. City
Norwich	3–2	Newcastle
Stoke	2–2	Swansea
Sunderland	0–0	WBA
West Ham	2–2	Crystal Palace
Liverpool	1–1	Tottenham
Leicester	1–0	Southampton
Man. United	1–0	Everton

Efst

Leicester	69	Cry. Palace	33
Tottenham	62	Norwich	31
Arsenal	58	Sunderland	27
Man. City	54	Newcastle	25
Man. United	53	Aston Villa	16

Neðst

Stærstu úrslitin Norwich vann dramatiskan 3-2 sigur í sex stiga leik á móti Newcastle í fallbaráttuslag en Martin Olsson skoraði sigurmarkið í uppbótartíma.

Metjan Fyrirliðinn Wes Morgan tryggði Leicester fjórða 1-0 sigurinn í röð og sjö stiga forystu með laglegu skallamarki á 38. mínútu.

Kom á óvart Arsenal, Chelsea og Manchester City unnu öll sannfærandi sigra sama daginn og sýndu sparihljóðarnar sem ekki hefur sést mikið af að undanfögnu.

Domino's-deild karla

Haukar - Tindastóll 73-61

Stigahæstir: Brandon Mobley 17, Haukur Óskarsson 14, Kári Jónsson 13/6 stoðs., Hjálmar Stefánsson 11, Emil Barja 8, Finnur Atli Magnússon 6/11 frák., Helgi Rafn Viggósson 18/8 frák., Pétur Rúnar Birgisson 12/8 stoðs., Myron Dempsey 8, Anthony Gurley 7, Darrel Lewis 7/5 stoðs

Haukar 1-0 yfir í fyrsta sinn síðan 2003.

Vínáttulandsleikur í handbolta

Noregur - Ísland 29-25

Mörk Íslands (skot): Ólafur Guðmundsson 4 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 4/1 (9/1), Kári Kristján Kristjánsson 3 (3), Bjarki Már Elisson 3 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (9), Guðmundur Árni Ólafsson 2 (2), Rúnar Kára-son 2 (7), Vignir Svavarsson 1 (1), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (2), Arnór Þór Gunnarsson 1 (2), Arnór Atlason 1 (3).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðs. 16/1 (35/1, 46%), Björgvin Páll Gústavs. 2 (12, 17%),

Geir Sveinsson stýrði íslenska landsliðinu í fyrsta sinn í Þrándheimi í gær og byrjar ekki vel. Fyrri hálfleikurinn var hrein hörmung en leikur liðsins skánaði í þeim síðari.

GÓÐUR OG SLÆMUR DAGUR FYRIR HAUKAKONUR

Kvinnalið Hauka í handbolta og körfubolta áttu ólíku gengi að fagna á laugardaginn. Handboltaliðið tryggði sér deildarmeistaratitilinn með 32-25 sigri í Eyjum (og tapi Gróttu fyrir Fram) en körfuboltaliðið er aftur á móti komið 2-0 undir á móti Grindavík í úrslitakeppni Domino's deildar kvenna. Snæfell (2-0 á móti Val) og Grindavík vantar bæði bara einn sigur til að komast í lokaúrslitin. Haukakonur eru því deildarmeistarar í bæði handbolta og körfubolta en handboltaliðið var þarna að vinna sinn fyrsta titil frá árinu 2009.

Í dag

18.45 Körfuboltakvöld Sport
19.15 KR - Njarðvík Sport 3
21.00 Messan Sport

19.15 KR - Njarðvík DHL-höllin

Nákvæmlega ellefu ár síðan



2. apríl 2005 Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sitt tiunda mark fyrir Chelsea á tímabilinu 2004-05 - á útivelli á móti Southampton. Fjórða tíu marka tímabil hans í ensku úrvalsdeildinni.



2. apríl 2016 Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sitt tiunda mark fyrir Swansea City á tímabilinu 2015-16 - á útivelli á móti Stoke. Fyrsti tíu marka Íslendingurinn í ellefu ár í ensku úrvalsdeildinni.

iPhone 6 og allir vinir hans á frábæru tilboði

Í tilefni af Kauphlaupi Smáralindar færð þú 20% afslátt af iPhone 6 og öllum aukahlutum í sömu kaupum.

Gríptu tækifærið og græjaðu þig upp fyrir vorið.

Vodafone
Við tengjum þig



iPhone 6

Tilboðið gildir dagana 31.mars til 4.apríl.

20%
afsláttur

Toppþjónusta, gæði og gott verð

Parket & gólf og stepp kynna Þó að parketið sé aðalsmerki Parket & gólf, er þar að finna ýmsar skemmtilegar nýjungar á borð við vinylparket, teppaflísar og ofna vinyldúka. Þá eiga veggfóður og gólfteppi auknum vinsældum að fagna.

„Stefna okkar er að bjóða upp á toppþjónustu, gæði og gott verð,“ segir Elías H. Melsted, sölustjóri hjá Parket & gólf og stepp. „Flest okkar efni koma frá Þýskalandi en einnig erum við með vörur frá öðrum Evrópulöndum og eru birgjarnir okkar margir með langa framleiðslusögu. Til dæmis er okkar helsti parketbirgji, Haro, 150 ára í ár,“ segir Elías sem leggur mikið upp úr því að reynslumiklir starfsmenn fyrirtækisins veiti viðskiptavinum persónulega þjónustu.

FJÖLDI NÝJUNGA

Nýjungagirninn ræður ríkjum hjá Parketi & gólfum. „Við erum mikið fyrir það að prófa og sýna nýja hluti,“ segir Elías og tekur sem dæmi vinylparket. „Þar sem vinyll er vatnshelt gerir það fólki kleift að leggja parket í baðherbergjum, eldhúsum og þvottahúsum. Vinyldúkurinn er núna fáanlegur með smellukerfi sem gerir lagningu hans auðveldari enda þarf ekki að líma hann,“ segir Elías og bendir á að þar sem vinylparketinu sé slitsterkara en harðparketið hafi þessi efni verið mjög vinsæl í leiguíbúðir auk þess sem stéttarfélög hafi valið það fyrir sumarbústaði sína.

UMHVERFISVÆN HÁTÆKNIVARA

Önnur nýjung er ofinn vinyldúkur. „Bolon er sænskt fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í að endurvinna vinylni. Úr því eru búnir til vinyllpræðir sem síðan eru ofnir eins og teppi,“ lýsir Elías en Bolon-efnið þolir vel bleytu, er slitsterkt og auðvelt í þrífum. „Slíkt efni er sett víða á verslanir, veitingahús, hótél og gistiheimili og svo auðvitað á öll heimili. Þá er þetta efni mjög vinsælt í mottur.“

TEPPIN SÆKJA Á

Teppaflísar eru alltaf að verða vinsælli, sér í lagi í fyrirtækjum að sögn Elíasar. „Með þeim getum við leikið okkur með liti og myndum,“ segir hann en bendir á að teppi almennt séu einnig að sækja í sig veðrið. „Klárlega eru það fyrst og fremst hótél og



Vinylparketinu er áferðarfalllegt og hentar sérstaklega vel á baðherbergi og eldhús.

gistiheimili sem koma þar sterkast inn en fólk er einnig að kveikja á þessu gólfefni fyrir heimili sín. Kostir þeirra eru enda margir, bæði dempa þau vel hljóð og svo eru þau hlýleg og gott að ganga á þeim,“ segir hann.

VEGGFÓÐRIÐ VINSÆLT

Ein helsta nýjungin hjá fyrirtækinu er veggfóðrið. „Veggfóðrið er að koma aftur og það er gaman að sjá. Við erum að byrja að taka fyrstu skrefin í veggfóðri sem er ofboðslega spennandi efni enda er úrvalið nánast takmarkalaust,“ segir Elías en fólk getur skoðað úrvalið bæði í gólfefnum og vegg-

fóðri á heimasíðunni www.parketogolf.is. „Þá er mjög einfalt að pantast og það tekur aðeins fimm virka daga að fá veggfóðrið afhent.“

VIÐARPARKETIÐ KLASSÍSKT

Þó að gerviefnin sækji sífellt á í gólfefnum er alltaf kúnnahópur sem kys heldur viðarparket. „Það er ákveðinn hópur sem vill ekta við en ekki gervi. Þar hefur eikin verið allsráðandi síðustu ár enda hægt að leika sér dálítið með hana hvað varðar litatóna,“ segir Elías og býður alla velkomna að skoða úrvalið í versluninni Parket & gólf og stepp í Ármúla 32.



Teppaflísar eru alltaf að verða vinsælli.



Bolon er sænskt fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í að endurvinna vinylni. Úr því eru búnir til vinyllpræðir sem síðan eru ofnir í teppi.



„Við bjóðum upp á toppþjónustu,“ segir Elías H. Melsted, sölustjóri hjá Parket & gólf og stepp.

” Veggfóðrið er að koma aftur og það er gaman að sjá. Við erum að byrja að taka fyrstu skrefin í veggfóðri sem er ofboðslega spennandi efni enda er úrvalið nánast takmarkalaust

Elías H. Melsted

TUDOR RAFGEYMAR

STERKIR **TUDOR** rafgeymar í alla atvinnubíla.

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA

weber

www.weber.is

FANGAR Á LITLA-HRAUNI SETJA SAMAN ÍSLENSKA HÖNNUN

Bekkurinn Fang er unninn úr íslenskum skógarviði og settur saman á Litla-Hrauni. **Dagný Bjarnadóttir** arkitekt hennar bekkina og segir gefandi að koma að uppbyggilegu starfi innan fangelsismúranna.

„Verkefnið spratt upp úr samtali milli mín og Hildar Gunnarsdóttur, arkitekts. Hún vann að samkeppni um nýja fangelsið á Hólmsheiði og sagði mér hvað það væri lítið við að vera í fangelsunum. Ég var þá nýbúin á námskeiði í að smíða bekki úr íslenskum skógarviði og datt strax í hug að bekkina væri hægt að vinna inni á Litla-Hrauni,“ útskýrir Dagný Bjarnadóttir, arkitekt og höfundur garðbekkjarins Fang.

„Nafnið Fang vísar í það hvar þeir eru framleiddir, en einnig í skammstöfunina: „Framleiðsla afurða úr nytjaskógi í grennd,“ bætir hún við.

Bekkin sýndi Dagný í Nesstofu á liðnum HönnunarMars. Þeir eru framleiddir úr alaskaösp og greni, sem fellur til úr gördum og skógum í nágrenninu. Viðurinn er ómeðhöndlaður en Dagný segist vilja að hann geti brotnað niður í náttúru-

unni þegar að vitjunartíma hans kemur. Með því að hafa viðinn upp á rönd leki væta vel af honum en búast megi við að endurnýja þurfi viðinn bekknum eftir um það bil 50 ár.

Bekkirnir fengu frábærar viðtökur á HönnunarMarsinum.

